


Nýtt stjórnskipulag Hafnarfjarðarbæjar

Í tillögu að nýju skipuriti Hafnarfjarðarbæjar verði fjögur þjónustusvið, það eru fjölskylduþjónusta, fræðslu- og frístundaþjónusta, umhverfis- og skipulagsþjónusta og hafnarþjónusta. Stjórnsýslusvið og fjármálasvið eru stoðsvið sem ganga þvert á þjónustusviðin.



Í ofangreindri mynd má sjá tillögu um tvö ný svið, það eru fjármálasvið og hafnarþjónusta. Gert er ráð fyrir því að reikningshald, fjárreiðudeild og ný hagdeild sameinist í stoðsviði sem nefnist fjármálasvið. Innan hagdeildar verði komið fyrir verkefnum sem snúa að þróun og umbótum á sviði rekstrareftirlits sem skal stuðla að hagkvæmni í rekstri sveitarfélagsins. Breytt rekstrarfyrirkomulag hafnarinnar er til að einfalda boðleiðir og skýra. Hér er lögð áhersla á að stjórnsýsluleg staða hafnarinnar sé skýr ásamt því að tengja betur starfsemi hennar við starfsemi bæjarins.